

# Punktlýsingar á nokkrum fastmerkjum á Vatnajökli

Erik Sturkell      Benedikt Gunnar Ófeigsson

Jarðvísindastofnun Háskólans  
10. nóvember 2005

## JORF

Jörfi

Áletrun: JH0521

Hnit: N64°38.224', V16°37.177', 1934m (MSL)

Punkturinn stendur í hrauni.

Fylgja skal slóðinni milli Grímsfjalls- og Kverkfjallaskála þar til komið er á punktinn (N64°35.091', V16°41.650' oft nefnt 1860m). Hér skal beygja til austurs beint í átt að punktinum. Stöðva þarf bílinn þegar komið er niður undir hrygg sem JORF stendur á. Punkturinn er á austurhluta öskjurimans í Kverkfjöllum hálfum metra neðan við hæsta tind í þeirra, vestan megin. Athugið að punktur 2009 er rétt hjá en ekkert merki er í klöppinni einungis hola.



Mynd 1: Horft frá Jörfa í suðvestur, Grímsfjall í baksýn.

**2027**

Grendill

Áletrun: 1956 F1 Nr 22

Hnit: N64°36.133', V15°25.173', 1563m (MSL)

Merkið er í lausu bergi og ekki mjög traust

**ATH. VARÚÐ svæðið er alltaf mjög illa sprungið.** Þegar komið er í skálanum við Goðahnjúka (N64°35.484', V15°28.879') skal reynt að stefna á Grendil eins og sprungur leyfa. Best er að nota vélsleða.



Mynd 2: Myndin er tekin frá skálanum við Goðahnúk. Fyrir miðri mynd er Grendill (2027) og Bjolfssker er í baksýn lengst til hægri (BJOL).

## BJOL

Bjölfssker

Áletrun: JH0522

Hnit: N64°35.096', V15°25.928', 1431m (MSL)

Merkið stendur í traustri klöpp.

**ATH. VARÚÐ svæðið er alltaf mjög illa sprungið.** Þegar komið er í skálann við Goðahnjúka (N64°35.484', V15°28.879') skal reynt að stefna á Bjölfssker eins og sprungur leyfa. Slóð sem virkaði í ágúst 2005 (frá Goðahnúkaskála að N64°35.353', V15°28.351' að N64°35.007', V15°26.508' að N64°35.091', V15°25.945') Best er að fara á vélsleða. Punkturinn er norðan megin við lítinn hrygg beint ofan við Öxarfellsjökul.



Mynd 3: Yfirlitsmynd yfir Bjölfssker (BJOL), horft í suðaustur.



Mynd 4: Nærmynd af Bjölfsskeri (BJOL).


## KVEF

Kverkfjöll

Áletrun NE200403

Hnit: N64°40.44656', V16°41.33376', 1745m (MSL)

Merkið er á móbergshrygg sem stefnir frá SSV til NNA milli Hveradals og Gengissigsins í Kverkfjöllum. Merkið er um 200 m NV við skála Jöklarannsóknafélags Íslands í Kverkfjöllum (N64°40.34983', V16°41.38474'). Varða er við punktinn sem er koparbolti. Til að komast akandi að skálanum skal fara upp á Vatnajökul á til þess gerðum farartækjum í fylgd kunnugra. Dagsverk er að ganga að punktinum frá Sigurðarskála.



Mynd 5: Punkturinn á kverkfjöllum (KVEF) horft í norður, Herðubreið í baksýn.

## **KERG**

Kerlingar

Áletrun: NE200502

Hnit: N64°23'27.3", V17°59'55.2", 1138m (MSL)

Merkið er koparborlti með ferhyrindri plötu undir haus, stærð 3 x 3 sm. Það er á sléttri móbergshellu sem hallast dálítið til suðurs. Hellan er á hjalla sunnan undir syðri Kerlingu. Lítil varða er 4 m norðan merkisins. Lágur móbergskambur stefnir á vörðuna úr norðri. Best er að aka að merkinu frá hnitum: (N64°23.590', V17°59.390').

## **KERT**

Kerlingar toppur

Áletrun: ...

Hnit: N64°23'44.8", V17°59'51.8", 1333m (MSL)

Sama lýsing og ofan nema alla leið upp á kerlinguna !



Mynd 6: Horft til norðurs yfir kerlingar. Til vinstri, KERG með GPS-loftneti ofan á. hægra megin ofarlega, KERT (á toppi Kerlinga)



## HAMA

Hamarinn

Áletrun: ...

Hnit: N64°28'40", V17°49'20", 1566m (MSL)

Punkturinn er á móbergskolli sem kallaður er Hamarinn, á vesturhluta Vatnajökuls. Hann er á hæsta toppi fjallsins, undir vörðu. Punkturinn er járnþinni (með engri áletrun) sem er boraður niður í móbergið. Hann er beygður í SSV (um 5 mm færsla í SSV).



Mynd 7: Horft í norður frá Hamrinum. Köldukvíslarjökull í baksýn.



Mynd 8: Horft til vesturs. Hamarinn fyrir miðri mynd. Best er að komast að HAMA með því að keyra suður eftir hryggnum sem sést bera við himininn hægra megin við Hamarinn.

## GRIM

Grímsfjall (Saltarinn)

Áletrun: LM500

Hnit: N64°24'23", V17°16'16", 1712m (MSL)

Merkið er norðvestan við skála Jökларannsóknafélags Íslands á Grímsfjalli. Stöðin er á móbergshnúk, sem kallaður er Saltarinn, 231 m norðvestur af NV-horni nýrri skála JÖFRI á Grímsfjalli. Rörið er borað um 60 cm niður í móbergið, en um 30 cm standa upp úr. Bronsbolti með skífu með áletrun LM500 er steypur ofan í rörið. Akið fjallveg F26 að vegamótum við Þórisvatn vestan Vatnsfells og þaðan 17 km eftir Veiðivatnavegi að vegamótum og áfram 35 km NNA til Jökulheima. Þaðan verður að fara á sérbúnum jeppa, vélsleða eða snjóbil um 45 km austur til Grímsfjalls (með vönnum leiðsögumanni).



Mynd 9: Grímsfjall (GRIM) með Vestari Svíahnúk í baksýn



**2023**

Grímsfjall

Áletrun: ...

$N64^{\circ}24'24.4''$ ,  $V17^{\circ}15'58.7''$ , 1723m (MSL)

Punkturinn stendur nálægt skála við austurenda Grímsfjalls, suðaustur af Grímsvötnum. Hann er c.a. 1m austur af gamla skála. Hann er á 20x20cm stórum og 10cm háum, steyptum palli.



Mynd 10: Grímsfjall (2023). Hér er loftnet yfir punktinum.

## PALS

Pálsfjall

Áletrun: ...

Hnit: N64°17'24.6", V17°41'07.5", 1332m (MSL)

Merkið er stálpinni

Sjá punktlýsinu við Jökulheima (JOKU). Eftir það er stefnan tekin upp á Tungafellsjökul og þaðan á Pálsfjall. Best er að fara upp frá norðvesturhorni fjallsins til suðausturs.



Mynd 11: Toppurinn á Pálsfjalli (PALS).



Mynd 12: Yfirlitsmynd yfir Pálsfjall (PALS). Horft til suðurs. Best er að fara frá norðvesturhorni fjallsins og upp til suðausturs.

## JOKU

Jökulheimar

Áletrun: OS 7383

Fjórftotur, hæð: 1.062m (ofan á fótinn)

Hnit: N64°18'34", V16°14'24", 673m (MSL)

Merkið er við skála Jöklarannsóknafélags Íslands í Jökulheimum. Bolti og skjöldur eru í massamikilli hraunklöpp, sem hallar í átt að bílastæði. Staðurinn er 80 m suðvestan eldri skála í Jökulheimum. Punkturinn er 5 m yfir bílastæði og 20 m vestan þess og er stikujárn við stöðina. Á leið F28 Sprengisandur, 8 km norðan Sigölduvirkjunar er slóð merkt Jökulheimar/Veiðivötn. Eftir þeirri slóð eru 17 km að máðum vegpresti með áletrun Jökulheimar. Þaðan eru eknir 3 km til austurs um óljósa en stikaða slóð að vegvísi með áletrun Jökulheimar. Þaðan eru 32 km að staðnum. Skálarnir eru læstir en lykklar fást hjá Jöklarannsóknafélaginu í Reykjavík.



Mynd 13: Jökulheimar (JOKU), Tungnafelsjökull í baskýn.

## ROTH

Hrútafellshnúkur

Fjórftotur, hæð: 1.084m (ofan á fótinn)

Áletrun: LM598

Hnit: N63°58.5873', V16°39.7069', 1890m (MSL)

Hrútafellshnúkur liggur frá norði til suðurs við suðvesturbrún Örfæfjökuls-öskjunnar. Keyrt er upp á Snæbreið og þaðan er stefnan tekin beint yfir öskjuna í átt að Hrútafellshnúk. Punkturinn er um 50m neðar á hryggnum en endurvarpstöðin.



Mynd 14: horft til suðvesturs af toppi Hrútafellshnúks. Fjórftoturinn yfir (ROTH) fyrir miðri mynd.